

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1485*  
*komudagur 23.3 2004*

Umhverfisnefnd Alþingis  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2004  
2004030005/42-1  
SB/hj

### **Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum**

Vísað er til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis frá 2. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### **Almennar athugasemdir**

1. Náttúrufræðistofnun Íslands styður heils hugar megin markmið frumvarpsins, sbr. greinargerð, "að auka vernd arnarins og annarra friðaðra dýra, skýra frekar stjórnsýsluleg skil milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og auka heimildir til að bregðast við ört stækkandi stofnum villtra dýra sem flust hafa til landsins af manna völdum".
2. Náttúrufræðistofnun Íslands telur ákvæði í 6. grein frumvarpsins um að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágur frá óheimilum veiðiaðferðum (sbr. 9. gr. laga nr. 44/1994) ef "villt dýr valda umtalsverðum ama og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta" of rúmt og opið fyrir margvíslegri túlkun. Íslandi er skylt samkvæmt Bernarsamningnum (8. grein) að banna tiltekna veiðiaðferðir vegna mannúðar og dýraverndarsjónarmiða og þarf að upplýsa stjórn samningsins um allar undanþágur frá því banni á tveggja ára fresti og rökstyðja forsendur fyrir þeim undanþágum.
3. Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki hlynnt því ákvæði 7. greinar að ekki þurfi veiðikort til að stunda veiðar á mink. Náttúrufræðistofnun er eindregið fylgjandi því að mink verði fækkað verulega og útrýmt ef kostur er úr íslenskrí náttúru. Stofnunin telur jafnframt að eina leiðin til að ná þessu markmiði séu vel skipulegar veiðar atvinnumanna, byggðar á þekkingu á minkastofninum og hegðun hans.



## Sértækar athugasemdir

1. grein.

Lagt er til að bætt verði við skilgreininguna „fellisvæðum“ þannig að greinin hljóði: „Búsvæði: svæði sem villt dýr nota sér til framfærslu og viðkomu, svo sem varplönd, burðarsvæði ~~og~~, fæðusvæði og fellisvæði, eða sem farleið“.

Greinargerð:

Burðarsvæði og fellisvæða eru nauðsynleg fyrir viðkomu spendýra (hreinþýr) og andfugla og því eðlilegt að hafa þau með í skilgreiningu á búsvæði.

6. gr. (fjallar um breytingar á 9. gr. laganna)

"Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt takmarkaða og tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef sýnt er fram á að villt dýr valda umtalsverðu tjóni ~~eða umtalsverðum ama~~ og aðrar aðferðir eru ekki taldar duga:"

Greinargerð:

Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að undanþáguheimildin sé ákveðin af Umhverfisstofnun, en telur rétt að Náttúrufræðistofnun verði áfram umsagnaraðili þar sem notkun óheimilla veiðiaðferða svo sem útburður eiturs getur haft víðtæk áhrif á villta náttúru. Hugtakið "umtalsverður ami" er afar teygjanlegt og getur kalla á flóð af undanþágubeiðnum. Í greinargerð er t.d. nefnt að sumir hafi ama af störum vegna flóa sem þeim fylgja (eins og flestum öðrum fuglum). Er réttlæt看legt að víkja frá alþjóðasamþykktum vegna slíkra óþæginda? Í 9. grein Bernarsamningsins er fjallað um forsendur undanþága frá m.a. ákvæði um óheimilar veiðiaðferðir en hvergi minnst á undanþágu vegna ama (nuisance). Undanþágur skv. þessari grein má veita vegna náttúruverndar; til að koma í veg fyrir alvarlegt tjón á uppskeru, búsmala, skógum, fiskislóð, vatni og öðrum eignum; vegna lýðheilsu og öryggis borgara, loftferðaöryggis eða annarra mikilvægra (overriding) almannahagsmuna; fyrir vísindarannsóknir og menntun, fyrir endurheimt stofna og nauðsynlega fjölgun þess vegna; og til að leyfa, undir nánun eftirliti, í sérstökum og takmörkuðum tilvikum, veiðar eða nýtingu vissra villtra dýra og plantna í litlu magni (small numbers).

7. gr. (fjallar um 1. mgr í 11. gr. laganna)

"Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum ~~og minkum~~, skulu afla sér veiðikorts gegn gjaldi sbr. 3. mgr."

Greinargerð:

Náttúrufræðistofnun er hlynnt því að mink sé fækkað eða honum útrýmt, sbr. hér að framan. Stofnunin telur hinsvegar ekki að tilfallandi minkadráp almennings, jafnvel barna, muni hafa marktæk áhrif á minkastofninn í landinu. Stofnunin gerir að þessu leyti nokkurn greinarmun á rottum og músum annars vegar og mink hins vegar. Hefð er fyrir því að líta á rottur og mýs sem plágu eða „meindýr“ enda hafa þessi dýr fylgt mannum um árþúsundir og valda oft umtalsverðum eignaskaða og heilsutjóni. Minkurinn lifir hinsvegar algerlega í og á villtri náttúru þótt hann sé vissulega aðskotadýr hér á landi. Einnig má benda á að mikilvægar upplýsingar um dreifingu og fjölda veiddra dýra glatast ef mink er kippt út úr veiðikortakerfinu.



10. gr. (fjallar um nýjan kafla "Sértæka friðun")

b (19. gr.) *Ernir*

Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýn nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.

— Umhverfissráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. mgr. í sérstökum tilvikum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Óheimilt er á varptíma eða öðrum árstímum að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði umhverfis þau sem takmarkast af 100 m hringmáli. umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á svo vitað sé.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem umhverfissráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni.

— Umhverfissráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 3. mgr. að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ef miklar líkur eru á að forn hreiðurstæði verði ekki nýtt aftur vegna breyttra aðstæðna, t.d. nálægðar við umferðarmannvirki.


— Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.

Umhverfisstofnun getur í sérstökum tilvikum, svo sem vegna myndatöku eða rannsókna eða ef miklar líkur eru á að forn hreiðurstæði verði ekki nýtt aftur vegna breyttra aðstæðna, veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 3. mgr. að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Greinargerð:

Til einföldunar á texta. Eðlilegt er að veiting undanþága flytjist til Umhverfisstofnunar til samræmis við 6. grein, enda sé áður leitað álits Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

